

Vorráðstefna 30. og 31.
mars 2017

Guðjón Bj Magnússon
Öryggisstjóri SVN.

Slys er ekki náttúrulögmál

- Hægt er að koma í veg fyrir slys með fyrirbyggjandi aðgerðum, forvörnum
- Forvarnir krefjast samstarfs allra á vinnustað
- Ábyrgðin er á herðum atvinnurekenda/stjórnenda og starfsmanna
- Öryggsmál krefjast skipulagningar og skipulagðra vinnubragða
- Öryggsvitund á vinnustað hefur mikil áhrif til fækkunar slysa



Öryggi hjá Síldarvinnslunni



- Síldarvinnslan leggur mikla áherslu á að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna eins og framast er unnt.
- Öryggismál eru því í auknum mæli tekin föstum tókum, til að ná árangri í því að minnka hættu á slysum og neikvæðum áhrifum vinnunar á heilsu starfsmanna
- Sú nálgun sem fyrirtækið beitir er í stuttu máli sú að greina hættur í vinnuumhverfinu með þátttöku starfsmanna, hanna lausnir sem útrýma eða draga úr áhættu og innleiða svo þær lausnir.
- Í þessari vinnu gegna verkstjórar og allir sem hafa mannaforráð algeru lykilhlutverki.



- Greina og nota gögn til að forgangsraða umbótum og bæta lausnir

- Áhættugreiningar
 - Breytingar á búnaði eða vinnuaðstöðu
 - Breytingar á verklagi

Greina hættur og hanna lausnir

Öryggiskerfi SVN

Nota og mæla lausnir

Innleiða lausnir

- Eftirlit og endurgjöf
- Úttektir
- Atvikaskráningar
- Atvikarannsóknir

- Kynna/kenna lausnir og tryggja að allir skilji til hvers er ætlast



Helstu hættur í fiskiðnaði

- Ýmsar hættur er að finna í verksmiðjum og fiskvinnslum. Þar er mikið af flóknum vélbúnaði og efni sem þarf að umgangast af ítrustu varúð t.d.
 - Vélar með hreyfanlegum búnaði sem ganga af miklu afli
 - Vélar með hnífum og göddum
 - Færibönd, sniglar og tjakkar
 - Umferð lyftara og vinnuvéla,
 - Sprengihætta (fiskimjöl)
 - Fallhættur í tröppum og stigum, eða úr hæð
 - Heitir fletir, gufa, meðferð elds
 - Unnið er með vatn undir háum þrýstingi
 - Varasöm efni, t.d. sóði, sýrur og efni sem myndast í rotandi hráefni í lokuðum rýmum í lestum skipa og tönkum. (brennisteinsvetni (H_2S))



Ábyrgð og skyldur

- Stjórnendur og verkstjórar bera samkvæmt lögum ríka ábyrgð á því að huga að öryggi þeirra starfsmanna sem vinna undir þeirra stjórn.
- Öryggi þarf alltaf að vera í forgrunni og skal það hafa meira vægi en framleiðsla afurða.
- Verkstjórar gegna sérstaklega mikilvægu hlutverki í því að tryggja að allir skilji öryggiskröfur og fylgi þeim. Þeim ber einnig að taka við ábendingum um það sem betur má fara og koma þeim til skila, tilkynna öryggisatvik, óhöpp og slys sem verða á þeirra vakt og ganga á eftir því að þau séu rannsökuð og viðeigandi ráðstafanir séu gerðar.



Öryggi í daglegum störfum.

Öryggi þarf að vera hluti af daglegri vinnu verkstjóra. Hér koma mikilvægustu þættirnir sem verkstjórar þurfa að hafa í huga hvað öryggi í daglegum störfum varðar:

- **Nýliðabjálfun**

- **Til að kennsla nýliða gangi hratt og vel fyrir sig er best að beita þessari aðferð:**
 - Útskýra verkið vandlega, af hverju það er mikilvægt, helstu hættur o.s.frv.
 - Sýna hvernig verkið er unnið og útskýra aftur/betur ef þörf krefur
 - Láta starfsmanninn vinna verkið undir eftirliti, leiðréttu villur og spyrja út úr
 - Leyfa starfsmanninum að vinna sjálfstætt en hafa auga með honum, leiðréttu frávik og tryggja að hann viti hvert hann á að leyta með spurningar.
 - **Athugið!** Nýliðar mega ALDREI hefja störf í vinnslunni án þess að fá kynningu á hættum í vinnuumhverfinu og viðeigandi kennslu í öruggum vinnubrögðum.



Þjálfun og kynning á öryggiskröfum

- Verkstjórar verða að tryggja að reyndari starfsmenn séu ekki settir í verkefni sem þeir hafa ekki fengið þjálfun í. Sama þjálfunarferli og notað er fyrir nýliða á við um þá sem eru að flytjast í ný störf á vinnustaðnum
- Verkstjórar gegna mikilvægu hlutverki í því að tryggja að starfsmenn skilji öryggiskröfur. Þeir þurfa því sjálfir að þekkja öryggiskröfur og reglur mjög vel og vera reiðubúnir að útskýra þær og minna á þær, bæði þegar þær breytast og eins þegar starfsmenn fá ný verkefni á vinnustað



- **Eftirlit og agi**

Verkstjórar gegna lykilhlutverki í því að framfylgja öryggiskröfum.

Verkstjóri þarf að gera starfsmönnum ljóst hvaða öryggiskröfur eru gerðar og gefa starfsmönnum svo eins tíða endurgjöf á frammistöðu og þeim er unnt

- **Óhöpp og slys**

Ef alvarleg óhöpp verða eða slys, þarf verkstjóri að þekkja rétt viðbrögð og hverjum á að tilkynna atburðinn (112 einn.einn tveir Vinnueftirlit , lögreglu)

Alvarleg óhöpp og næstum því slys á einnig að tilkynna sem fyrst til öryggisstjóra eða öryggisfulltrúa svo rannsaka megi málið

- **Umbótastarf**

Verkstjórar gegna mikilvægu hlutverki í umbótastarfi. Þeir eiga að hvetja fólk til að koma með umbótahugmyndir um það sem betur má fara í tengslum við öryggi eða heilsu

Verkstjórar eiga að benda á hættur sem þeir sjá í vinnuumhverfinu og tryggja að stafs menn umgangist þær hættur rétt þangað til úrbætur hafa verið gerðar, eða stöðva vinnu ef hættu er alvarleg.

- **Ábyrgð verkstjóra er rík í því að leyfa ekki vinnu við hættulegar aðstæður.**



Innleiðing og eftirfylgni

- Hvernig ætlum við að:
 - kenna/kynna nýjar öryggisreglur og ráðstafanir?
 - gefa endurgjöf á frammistöðu?
 - grípa inn í ef menn eru ekki að fylgja reglum?
 - tryggja að samskipti á vinnustaðnum séu góð og uppbyggileg?



Kennsla öruggra vinnubragða

Aðferðafræði: TWI (Training Within Industry)

Uppruni:

- Heimsstyrjöldin síðari- USA
- Þurftu að kenna húsmæðrum að smíða...allt
- Skilaði gífurlegum árangri- en féll svo í gleymsku
- Flutt út til Japan (W.E.Deming)
- Notuð með frábærum árangri hjá Toyota o.fl og berst svo þaðan aftur til vesturlanda



Aðferðin:

- Vinnan brotin niður í passlega stóra hluta og svo kennd lið fyrir lið
- Farið sérstaklega yfir mikilvæg atriði sem tengjast gæðum, öryggi og réttri notkun búnaðar
- Alltaf útskýrt **HVAÐ** á að gera, **HVERNIG** og **AF HVERJU**




Kynning breytinga

- Hafa þarf í huga að ekki er hægt að breyta mjög mörgu í einu. Sígandi lukka er best
- Beita þarf fjölþættum aðferðum til að kynna breytingar vel
- Kalla saman fundi og segja frá, útskýra, gefa fólki færi á að spyrja og koma með athugasemdir
- Tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar
- Nota upplýsingaskjái, öryggistöflu, heimasíðu, hengja upp miða....
- Mikilvægt:
 - Öryggisreglum og ráðstöfunum má breyta ef eitthvað má betur fara. Við ætlum að læra af reynslunni
 - EN! Það á að fylgja gildandi reglum!



Hvernig náum við árangri?



Hvernig náum við árangri ?

- Jákvæðni (4 á móti 1!)
- Tímanleg (sem næst hegðuninni í tíma)
- Nákvæm
- Leiðrétting virkar verr ef hún er ógnandi
 - Ógnun kveikir „berjast eða flýja“-viðbragðið (sem minnkar getu fólks til að hugsa, skilja og muna)
 - Beina sjónum að hegðun og hvað þarf að gera öðruvísi
 - Nota orðið „þú“ sem minnst!
 - Leiðréttu helst í einrúmi



Aðferðin:

- Útskýra verkið
- Sýna starfsmanninum handtökin-Útskýra aftur/betur
- Láta starfsmanninn vinna verkið- Útskýra aftur/betur
- Láta starfsmanninn útskýra – spyrja hann út úr
- Láta starfsmanninn svo vinna sjálfstætt þegar ljóst er að hann ræður við það, en tryggja að hann viti hvern hann á að spyrja/hvar á að leita upplýsinga ef hann er ekki viss um eitthvað
- Ath: Ef þú átt að kenna starfsmanni nýtt verk, þá verður þú að kynna þér áhættugreininguna fyrir verkið/svæðið og útskýra hætturnar og hvernig á að forðast þær



Öryggisreglur

Þú átt að þekkja hættur á vinnusvæðinu. Kynntu þér áhættugreiningar, öryggisreglur og neyðaráætlanir. Ef ekki er til áhættugreining, spurðu þá verkstjóra hvað ber að varast

Ekki brjóta öryggisreglur, notaðu öruggt verklag og viðeigandi hlífðarbúnað. Reglur eru ekki settar að ástæðulausu. Þær eru settar til að tryggja öryggi okkar

Nýir starfsmenn eiga alltaf að fá góða kynningu á verkefnum sínum og útskýringar á því hvaða hættur beri að forðast. Aldrei gera neitt sem þú hefur ekki fengið þjálfun til að gera

Aldrei má stinga höndum inn í vélbúnað sem er í gangi. Tryggja þarf að vélbúnaður geti ekki farið í gang á meðan átt er við hann og að öll orka sé einangruð (vélarhlífar tryggilega festar, skrúfað fyrir þrýstiloft o.s.frv.)

Ef þú ert ekki viss hvort eitthvað sé öruggt, ekki gera það. Dokaðu við og fáðu útskýringar hjá verkstjóra eða reyndari starfsmönnum. Flýttu þér hægt



Öryggisreglur

6. Gakktu vel um vinnusvæði, haltu því eins hreinu og mögulegt er og hafðu gangvegi greiða og lausa við slöngur eða aðra hluti sem hægt er að detta um. Umgengni er öryggismál
7. Ef þú telur eitthvað í vinnuumhverfinu vera varasamt sem ekki er tilgreint í áhættugreiningu, láttu þá vita af því með því að fylla út form á öryggistöflu, tala við yfirmann, öryggisfulltrúa, öryggistrúnaðarmann eða öryggisstjóra. Allar ábendingar verða skoðaðar vandlega
8. Þú verður að hafa athyglina í lagi í vinnunni. Einu heyrnartólin sem nota má eru heyrnatól sem ekki geta leyft meiri hljóðstyrk en svo að starfsmaður heyri ef kallað er í hann (eða með umhverfis hljóðnema) sem eru hönnuð til notkunar á vinnustað. Notkun snjallsíma er bönnuð á vinnusvæðum. Stranglega bannað er að vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í vinnutíma.
9. Ef vinna þarf verk þar sem fallhætta er fyrir hendi yfir tveimur metrum, skal nota viðeigandi fallvarnarbúnað
10. Ef þú brýtur öryggisreglur, þá á það ekki koma þér á óvart að þér sé bent á það og að það hafi hugsanlegar afleiðingar í för með sér. Yfirmenn, öryggisfulltrúi, öryggisstjóri og öryggisnefnd bera ábyrgð á því að grípa inn í ef reglurnar eru ekki virtar. Starfsmenn eru einnig hvattir til að benda hverjir öðrum á hættur
- 11.

Stöndum saman um að auka öryggi í vinnuni það er öllum í hag



Dagleg samskipti

- Kurteisi og vinsemd kosta ekkert
- Bros ekki heldur!

*Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt,
sem dropi breytir veig heillar skálar.*

*Þel getur snúist við atorð eitt.
Aðgát skal höfð í nærveru sálar*



Lokaorð

- Tryggjum í sameiningu að allir skilji og kunni örugg vinnubrögð
 - Stöndum saman um að nota rétt og örugg vinnubrögð
 - Minnum hvert annað á ef við verðum vitni að óöruggri hegðun
 - Pössum okkur að taka því vel ef einhver bendir okkur á að við séum að gera eitthvað sem er ekki öruggt
 - Vöndum okkur í samskiptum hvert við annað
 - Kurteisi og vinsemd kostar ekki neitt
 - Brosum og höfum gaman af þessu!
-
- Takk fyrir



*Það er bara til
eitt eintak af þér
farðu vel með það*

